

# Dyrhólaey, friðland

## Aðgerðaáætlun 2021 - 2023

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi Dyrhólaeyjar haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn friðlandsins. Neðan greindar aðgerðir eru annars vegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#) (Landsáætlun) og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Margar af eftirfarandi aðgerðum eru komnar í ferli við útgáfu áætlunarinnar.

### 2021

- ✓ Lokið verði við frágang bílastæðis og umhverfis við snyrtihús á Lágey.
- ✓ Lokið verði við deiliskipulag aðkomusvæðis á Háey.
- ✓ Upplýsinga- og fræðsluskilti sett upp.
- ✓ Unnið að áföngum 1 og 2 í uppbyggingu göngustíga á milli Lágeyjar og Háeyjar.
- ✓ Umhverfisstofnun ræði við Vegagerðina vegna lagningar slitlags á veginn upp á Háey. Óskað verði eftir að þungatakmarkanir verði settar á veginn.

### 2022

- ✓ Unnið að áframhaldandi uppbyggingu gönguleiða við Brestnef.
- ✓ Auglýsing um friðlýsingu Dyrhólaeyjar verði endurskoðuð.

### 2023

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Dyrhólaey.

### Önnur verkefni

#### Aðgerðir

- ✓ Aðgerðaáætlun verði uppfærð árlega.
- ✓ Göngustígum sé vel við haldið og ummerkjum um aflagða stíga eytt. Umhverfisstofnun sjái um framkvæmd þess og fylgist með árangri verksins með myndatöku og skýrslugerð.
- ✓ Fylgst verði með ástandi innviða og gerðar ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Húsbyggingar verði yfirfarnar árlega og lagfærðar eftir þörfum.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir fjármagni til að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Dyrhólaey.
- ✓ Umhverfisstofnun láti gera útsýnisstaði á Lágey í samræmi við deiliskipulag.
- ✓ Kannaðir verði möguleikar á uppsetningu útsýnissjónauka og fuglaskoðunarskýlis í friðlandinu.
- ✓ Sett verði upp upplýsinga- og fræðsluskilti um friðlandið og umgengnisreglur.
- ✓ Tryggt skal að öryggisáætlun fyrir Dyrhólaey sé ávallt uppfærð samkvæmt nýjustu upplýsingum.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og aðra sem málið varðar, geri lista yfir skilti sem æskilegt er að sett verði upp og áætlun um vinnslu þeirra og uppsetningu.
- ✓ Reglur um notkun fjarstýrðra loftfara, s.s. flygilda, verði aðgengilegar í friðlandinu.

### Lífrikið, regluleg vöktun og eftirlit

- ✓ Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- ✓ Fylgst verði með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar eftir því sem unnt er.
- ✓ Breyting verði gerð við endurskoðun friðlýsingar varðandi veiðar innan friðlandsins þannig að heimilt verði að nota skotvopn við veiðar á ref og mink.
- ✓ Öryggi ferðamanna verði sérstaklega vaktað í ljósi hrun- og fallhættu. Landvörður mun vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. Öryggismála og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.
- ✓ Verndarsvæðið verði vaktað í samræmi við vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- ✓ Umhverfisstofnun mun óska eftir því að rannsókn vegna ágangs ferðamanna í Dyrhólaey verði hluti af vöktunaráætlun náttúruverndarsvæða.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir viðræðum við landeigendur, nytjarétthafa, sveitarfélagið og fuglafræðing um hvernig best sé að haga veiðum á afræningjum.
- ✓ Umhverfisstofnun skipuleggi eftir þörfum hreinsun strandarinnar í næsta nágrenni friðlandsins.
- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.
- ✓ Umhverfisstofnun leiti álits fagstofnana varðandi lokunartíma Dyrhólaeyjar og gefi út leiðbeiningar í samræmi við niðurstöður þess.
- ✓ Umhverfisstofnun mun óska eftir áliti og ráðgjöf frá Náttúrustofu Suðurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands við að leggja mat á varpárangur.

### Samráðsfundir og upplýsingar

- ✓ Fundur ráðgjafarnefndar friðlandsins.
- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Upplýsingar um Dyrhólaey á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Niðurstöður rannsókna verði aðgengilegar á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.